

Borgarstjórn Reykjavíkur

B.t. Dags B. Eggertssonar, borgarstjóra í Reykjavík og Pawels Bartoszek, forseta borgarstjórnar

Afrit:

Kjörnir borgarfulltrúar

### **Varðar: Framkvæmdir við endurgerð Haðarstígs og frumvarp að fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar**

Samtök íbúa við Haðarstíg og nágrenni mótmæla harðlega þeim áformum borgarstjórnar að hætta við löngu tímabæra endurgerð stígsins sem verið hefur á fjárhagsáætlun undanfarin tvö ár án þess að til framkvæmda komi.

Árin 2018 og 2019 voru 50 mkr. ætlaðar til endurgerðar götunnar eftir hönnun Yrkis fyrir borgina sem gerð var og kostuð árið 2018. Sú hönnun byggði á samráði íbúa og borgarinnar þar sem haldnir voru íbúafundir með borgarhönnuði og sérstakt krakkaþing barna í götunni um þeirra viðhorf til endurgerðar götunnar. Auk þeirra 50 mkr. sem ætlaðar voru til endurgerðar Haðarstígs var gert ráð fyrir kostnaði Veitna vegna lagfæringar á lögnum og fráveitu.

Vísað er til þeirra forsendna sem lágu til grundvallar ákvörðun borgarinnar um að endurgera götuna í samráði við íbúa:

1. Gatan er orðin tæplega 100 ára gömul og ástand hennar afar bágborið.
2. Malbik er stagbætt og gatan skv. gögnum hönnuða u.þ.b. 20 sm. of há þannig að í hláku þá flæðir inn í jarðhæðir og kjallara við götuna. Auk þess hefur þetta gamla undirlag götunnar myndað þrýsting á steinveggi húsa við miðjan stíginn og þannig valdið skemmdum á þeim.
3. Bílaumferð um þessa vistgötu er allt of hröð sem skapar stöðuga hættu fyrir börn að leik.
4. Gatan er í senn gangstétt, göngustígur og akbraut. Hún er ekki rudd samtímis aðliggjandi götum þegar snjóar, enda komast stór tæki ekki um götuna og verður hún því nánast ófær gangandi vegfarendum í hálfu og rík þörf fyrir snjóbræðslu.
5. Lýsing þessarar minnstu götu borgarinnar er þrjár gamlir háir ljósastaurar, svipaðir þeim og notaðir eru á umferðarpungum hraðbrautum. Í vetrarmyrkrinu skila þeir afar lítilli birtu á stíginn.

Íbúar við Haðarstíg og nágrenni lýsa fullri ábyrgð á borgaryfirvöld vegna þessa máls og harma þá forgangsröðun og þau viðhorf til íbúasamráðs sem hér koma fram. Ekkert samráð var haft við íbúa um þá tillögu sem nú liggur fyrir borgarstjórn, að fella framkvæmdina út af fjárhagsáætlun.

Væntanlega er hér um einhvers konar forgangsröðun að ræða.

Íbúar mótmæla henni og vísa til viðbótar í því sambandi til þess að sl. sumar skapaðist neyðarástand við Haðarstíg þegar eldsvoði varð í húsi við götuna. Slökkvilið komst ekki með bifreiðar sínar og tæki um götuna að brennandi húsinu. Á Haðarstíg er enginn brunahani og þurfti slökkvilið því að sækja vatn til slökkvistarfs um langan veg í aðliggjandi götu. Íbúar nærliggjandi húsa brugðust skjótt við og náðu að stöðva útbreiðslu eldsins, annars er hætt við að mun ver hefði farið. Því má segja varðandi brunavarnarmál að núverandi ástand feli í sér almannahættu fyrir okkur íbúa og að brýna nauðsyn beri til að setja upp nauðsynlegar eldvarnir í götuna með brunahana.

Þess má einnig geta að nokkrir íbúar hafa beðið með framkvæmdir við lóðir sínar til þess að þær megi fara fram í samfloti við áður fyrirhugaðar viðgerðir á götunni, enda var málið kynnt þannig fyrir íbúum við Haðarstíg og Njarðargötu þegar borgin stóð fyrir samráði við íbúa við hugmyndavinnu um endurgerð Haðarstígs. Fyrirhugaðar vanefndir koma sér því illa fyrir þá aðila.

Við mótmælum því ofangreindum áformum harðlega og lýsum ábyrgð á hendur borgaryfirvöldum í þessu máli. Við búum hér við hættuástand og þykir það miður að borgin okkar hafi algerlega hunsað lýðræðislegt samráð og samstarf um málið sem staðið hefur yfir allt frá árinu 2010 þegar við fyrst sendum inn erindi til Reykjavíkurborgar um málið. Okkur þykir forgangsöröðun framkvæmda í þinghóltunum einkennileg og meðal íbúa við götuna ríkja bæði reiði og sárindi.

Fyrir hönd Hollvina Litla-Garðs, íbúasamtaka Haðarstígs og nágrennis þann 18. nóvember 2019.



Halla Sólveig Þorgeirsdóttir  
formaður